



Seðlabanki Íslands

Hvernig hefur staða heimila breyst á undanförunum
misserum og hverju fá aðgerðir í þágu heimila áorkað?

Karen Á. Vignisdóttir og Þorvarður Tjörvi Ólafsson
Hagfræðingar á hagfræðisviði Seðlabanka Íslands

Málstofa í Seðlabanka Íslands
12. apríl 2010

Skoðanir höfunda og þurfa ekki að endurspeglar afstöðu eða stefnu Seðlabanka Íslands.

Yfirlit erindis



- I. Inngangur
- II. Viðbætur og umbætur á greiningu Seðlabankans á stöðu heimila
- III. Hvernig hefur geta heimila til að standa undir greiðslubyrði og framfærslu þróast og hverju fá mismunandi aðgerðir áorkað?
- IV. Eiginfjárstaða í húsnæði
- V. Samsetning þess hóps heimila sem er líklegur til að þurfa á frekari úrræðum að halda
- VI. Lokaorð



I. Inngangur

Greining á stöðu íslenskra heimila



- Tilgangur rannsóknarinnar hefur frá upphafi verið að leggja mat á getu íslenskra heimila til að standa undir aukinni greiðslubyrði við skilyrði minnkandi tekna og atvinnu
- Fyrstu bráðabirgðaniðurstöður voru kynntar fyrir ári, frekari niðurstöður litu dagsins ljós í júní og október í fyrra
- Samkvæmt þeim voru um 20-26% heimila með greiðslubyrði lána yfir algengum hættumörkum snemma árs 2009 og u.þ.b. fimmtungur heimila var með neikvæða eiginfjárstöðu í húsnæði í árslok 2008

Greining á stöðu íslenskra heimila



- Auk þess voru kynntar niðurstöður greiningar á endurskipulagningu skulda heimila og fyrirtækja í kjölfar kerfislægra fjármálakreppa í gegnum tíðina og þeim lærdómum sem megi draga af reynslu annarra ríkja við endurskipulagningu skulda
- Þar kom m.a. fram að íslensk heimili eru meðal skuldsettustu heimila sem hafa gengið í gegnum kerfislæga fjármálakreppu og að hlutfall heimila sem glímir við greiðsluferfiðleika myndi hækka ef ekki kæmi til markvissra aðgerða til að endurskipuleggja skuldir heimila

Greining á stöðu íslenskra heimila



- Um eina umfangsmestu gagnaöflun er að ræða sem nokkurt land hefur ráðist í eftir að hafa gengið í gegnum fjármálakreppu
- Ljóst var að tímafrekt yrði að vinna úr gögnunum en áhersla hefur verið lögð á að kynna áfanganiðurstöður eftir því sem þær hafa legið fyrir
- Nú hillir undir að þessari greiningarvinnu Seðlabankans sé lokið

II. Viðbætur og umbætur á greiningu Seðlabankans á stöðu heimila

Viðbætur og umbætur á greiningu Seðlabankans



1. Lágmarksframfærsluþörf fyrir mismunandi fjölskylduform er tekin með í mat á stöðu heimila
2. Vaxtabótum og barnabótum er bætt við ráðstöfunartekjur heimila að teknu tilliti til fjölskylduforms, tekna og eiginfjárstöðu hvers heimilis og mat lagt á þróun tekna fram til febrúar 2010
3. Tekið er tillit til greiðslubyrði allra lána, einnig þeirra sem voru í frystingu og voru undanskilin frá upphaflegu mati á greiðslubyrði og áhrif frystinga á greiðslubyrði metin

Viðbætur og umbætur á greiningu Seðlabankans



4. Mat er lagt á hvernig geta heimila til að standa undir greiðslubyrði lána og nauðsynlegri framfærslu hefur þróast undanfarin tvö ár og hvernig eiginfjárstaða þeirra í húsnæði hefur breyst
5. Möguleg áhrif aðgerða til að koma til móts við heimilin eru metin
6. Samsetning þess hóps sem er líklegur til að þurfa á frekari úrræðum að halda er greind eftir fjölskylduformi, aldri, o.fl. þáttum
7. Nokkrar leiðréttingar á gögnum hafa átt sér stað frá síðustu birtingu

Forsendur um framfærslukostnað heimila




- Lagt er mat á getu heimila til að standa undir greiðslubrýði lána og lágmarksframfærslu
- Í þessum tilgangi er byggt á neysluviðmiðunum Ráðgjafarstofu heimilanna um lágmarksframfærslukostnað fyrir ólíkar fjölskyldugerðir
- Kostnaði vegna reksturs bifreiðar er bætt við þar sem heimili eru með bílalán
- Rétt er að undirstrika að neysluviðmiðanirnar taka ekki tillit til ýmiss fasts kostnaðar, t.d. vegna síma, áskrifta, fasteignagjalda, trygginga og dagvistunar

Forsendur um framfærslukostnað heimila



- Ekki er einhlítt að leggja mat á hver nauðsynleg útgjöld eru vegna ofangreindra atriða fyrir ólíkar fjölskyldugerðir
- Hins vegar er líklegt að hjón með börn þurfi nauðsynlega allt að 100 þ.kr. aukalega til að standa undir kostnaði vegna dagvistunar, trygginga og annarra fastra útgjalda
- Í greiningunni er sýnt hversu hátt hlutfall heimila nær ekki endum saman eða á minna en 50 þ.kr. í afgang þegar greitt hefur verið af lánum og staðið undir lágmarksframfærslu að teknu tilliti til fjölskyldugerðar og hvernig þetta hlutfall hefur breyst
 - Þegar um er að ræða hjón með börn er einnig sýnt hversu hátt hlutfall þeirra nær ekki endum saman eða á minna en 100 þ.kr. í afgang

Framfærslukostnaður heimila




* Neysluviðmiðanir Ráðgjafarstofunnar eru uppfærðar í janúar og ágúst ár hvert. Í greiningunni á stöðu heimila er byggt á línulegri nálgun þannig að framfærslukostnaður hækkar á milli mánaða í stað þess að hækka í þrepum í janúar og ágúst ár hvert. Kostnaður vegna bíls er ekki meðtalin hér að ofan en er bætt við hjá þeim heimilum sem eru með bílalan.

Gerð greiðsluferils fyrir hvert lán




- Frá upphafi var lagt upp með að hafa gagnaöflunina ítarlega til að unnt væri að búa til greiðsluferil fyrir hvert lán og sjá hvernig greiðslubyrðin þróast yfir tíma
- Það er hins vegar ekki hlaupið að því að búa til slíka ferla fyrir hundruði þúsunda lána sem byggjast á hundruðum milljóna gagnapunkta en þeirri vinnu er nú að mestu leyti lokið
- Búnir hafa verið til greiðsluferlar fyrir hvert lán sem sýna hvernig afborganir, vaxtagreiðslur og eftirstöðvar þróast frá upphafi lánstíma til febrúar í ár
- Lítum á tvo greiðsluferla sem dæmi um tvenns konar íbúðalán

Dæmi um greiðsluferil fyrir verðtryggt íbúðalán



Hér er sýndur greiðsluferill fyrir u.þ.b. 40 ára verðtryggt jafngreiðslulán upp á 12,4 m.kr. sem er tekið snemma árs 2005 á 4,15% vöxtum

Dæmi um greiðsluferil fyrir gengistryggt íbúðalán



Hér er sýndur greiðsluferill fyrir 30 ára gengistryggt íbúðalán í japönskum jenum upp á 12,5 m.kr. sem er tekið snemma árs 2007 með 150 pkt. vaxtaálagi ofan á LIBOR-vexti

Forsendur er lúta að mati á tekjum



- Í gagnagrunninum eru heildarlaun í febrúar 2009 og febrúar 2008 skv. staðgreiðslugögnum
- Til þess að geta lagt mat á getu heimila til að standa undir greiðslubyrði lána og lágmarksframfærslu á tímabilinu frá janúar 2008 til febrúar 2010 þarf að framreikna uppgefin laun
- Þetta er gert þannig að laun heimilis frá janúar til desember 2008 eru áætluð út frá uppgefnum tekjum í febrúar 2008 og þau látin þróast í takt við þróun launavísitölu
- Með sambærilegum hætti eru laun heimilis frá janúar 2009 til febrúar 2010 áætlaðar út frá uppgefnum tekjum í febrúar 2009 og þau látin þróast í takt við þróun launavísitölu

Forsendur er lúta að mati á tekjum



- Rétt er að undirstrika að stærstur hluti samdráttar í vinnutíma og fjölda starfandi hafði þegar átt sér stað í febrúar 2009 þegar upplýsingar fengust um laun hvers heimilis
- Vaxta- og barnabætur eru reiknaðar út fyrir hvert heimili
- Auk þess er tekið tillit til breytinga á sköttum og persónuafslætti og áhrifum þeirra á ráðstöfunartekjur hvers heimilis
- Áhrif útgreiðslu séreignalífeyrissparnaðar á ráðstöfunartekjur eru ekki meðtalin en rúmlega 45 þúsund einstaklingar hafa fengið alls tæplega 36 ma.kr. greidda út fyrir skatt

Óvissuþættir



- Þegar búnir hafa verið til greiðsluferlar fyrir hvert lán og forsendur liggja fyrir um þróun framfærslukostnaðar og ráðstöfunartekna er hægt að leggja mat á hvernig geta heimila til að standa undir greiðslubyrði lána og framfærslu hefur þróast undanfarin misseri og hvaða áhrif ýmsar aðgerðir hafa
- Það er meginviðfangsefni þeirrar kynningar sem fylgir hér á eftir
- Áður er hins vegar rétt að gera grein fyrir ýmsum óvissuþáttum sem verður að hafa í huga við túlkun niðurstaðna

Óvissuþættir



Þættir sem ofmeta vandann


- Ekki er tekið tillit til áhrifa útgreiðslu séreignalífeyris
- Ekki er tekið tillit til meðlags eða fjármagnstekna
- Ekki er tekið tillit til þess að lægstu launin hafa hækkað meira en vísitala launa
- Ekki er tekið tillit til þess að heimili gætu valið að endurfjármagna skammtímalán á hagstæðari kjörum
- Ekki er tekið tillit til breytinga á persónulegum högum

Þættir sem vanmeta vandann

- Tekjur gætu verið ofmetnar ef ekki er tekið nægjanlegt tillit til samdráttar atvinnustigsins
- Greiðslubyrði vegna námslána og ýmissa smærri skuldbindinga er ekki meðtalin
- Greiðslubyrði nýrra lána sem hafa verið tekin undanfarna mánuði er ekki meðtalin
- Ekki er tekið tillit til breytinga á persónulegum högum

III. Hvernig hefur geta
heimila til að standa undir
greiðslubyrði og framfærslu
þróast og hverju fá
mismunandi aðgerðir
áorkað?

Þróun á getu heimila til að standa undir greiðslubyrði lána og lágmarksframfærslu




Hlutfall heimila sem náði ekki endum saman jókst ört á árinu 2008 og hefði haldist hátt ef ekki hefði komið til frekari aðgerða en hækkun vaxtabóta og almennra aðgerða í efnahagsmálum

Frysting gengistryggðra lána



- Þróunin varð að sjálfsögðu ekki í takt við þá mynd sem er dregin upp hér að framan þar sem gripið var til aðgerða
- Skömmu eftir bankahrun beindu stjórnvöld þeim tilmælum til fjármálastofnana að afborganir og vextir af gengistryggðum lánum yrðu fryst þar til ró kæmist á gjaldeyrismarkaðinn og heimili ættu að geta nýtt sér það úrræði óháð efnahag
- Í gagnagrunni Seðlabankans eru upplýsingar um hvaða lán voru í frystingu í ársbyrjun 2009
- Ef gengið er út frá því að þau lán sem voru í frystingu þá hafi verið í frystingu frá því í nóvember 2008 og framundir miðbik ársins 2009, en að greitt hafi verið eðlilega af öðrum lánum, þá hefðu skammtímaáhrif frystinganna orðið eftirfarandi:

Þróun á getu heimila til að standa undir greiðslubyrði lána og lágmarksframfærslu að teknu tilliti til frystinga



Frystingar gengistryggðra lána komu í veg fyrir að hlutfall heimila sem stæði vart undir greiðslubyrði lána og lágmarksframfærslu yrði jafn hátt og annars hefði orðið

Aðgerðir í þágu heimila



- Tilgangur frystinga var m.a. að veita svigrúm til að þróa úrræði til að koma til móts við greiðsluvanda heimila
- Misjafnt var hversu lengi lán voru í frystingu, hvenær úrræði voru kynnt til sögunnar og að hve miklu leyti heimili nýttu sér leiðir til að endurskipuleggja skuldir sínar
- Hér á eftir verða skoðuð möguleg áhrif ýmissa aðgerða til að létta á greiðsluferfiðleikum heimila á það hlutfall heimila sem geta ekki eða eru á mörkum þess að geta staðið undir greiðslubyrði lána og nauðsynlegri framfærslu

Greiðslujöfnun íbúðalána



- **Greiðslujöfnun verðtryggðra íbúðalána**

- Greiðslubyrði hvers láns verður sú sama í nóvember 2009 og hún var í janúar 2008 og er í kjölfarið látin fylgja þróun greiðslujöfnunarvísitölu
- Höfuðstóll lánsins er leiðréttur fyrir þeim mismuni sem er á greiðslum skv. greiðslujöfnun og þeim sem hefðu átt sér stað ef lánið hefði áfram verið verðtryggt með vísitölu neysluverðs

- **Greiðslujöfnun gengistryggðra íbúðalána**

- Greiðslubyrði hvers láns verður sú sama í júlí 2009 og hún var í maí 2008 og er í kjölfarið látin fylgja þróun greiðslujöfnunarvísitölu
- Líftími láns tekur mið af mismuni greiðslna í reynd og þeim greiðslum sem hefðu átt að eiga sér stað. Líftími lengist þó aldrei meira en þrjú ár.

Höfuðstólslækkun gengistryggðra bílalána



- Höfuðstólslækkun gengistryggðra bílalána


- Höfuðstóll gengistryggðra bílalána lækkaður um 23% í nóvember 2009 og lánunum skuldbreytt í óverðtryggð lán í krónum á 9,5% vöxtum
- Líftíma hvers láns er haldið óbreyttum en lenging hans hefði lækkað greiðslubyrðina umtalsvert

Fyrirvarar um áhrif aðgerða




- Ekki er tekið tillit til allra aðgerða sem gripið hefur verið til, svo sem sértækra skuldaaðgerða, greiðsluaðlögunar, útgreiðslu séreignasparnaðar, lengingar lána, o.s.frv.
- Niðurstöðurnar eru því vísbendingar um hversu hátt hlutfall heimila gætu þurft á frekari aðgerðum að halda

Þróun á getu heimila til að standa undir greiðslubyrði lána og lágmarksframfærslu fyrir og eftir aðgerðir




Í kjölfar þeirra aðgerða sem hér eru skoðaðar er hlutfall heimila sem nær ekki endum saman eða á innan við 50 þ.kr. afgangi komið niður í um 22% og er því nokkru hærra en í ársbyrjun 2008

Hjón með börn: Þróun á getu þeirra til að standa undir greiðslubyrði og framfærslu fyrir og eftir aðgerðir




Hlutfall hjóna með börn sem er líklegt til að vera í greiðsluvanda í kjölfar aðgerða er hærra en þegar litið er til heimila í heild og gæti verið um 27%

Einstæðir foreldrar: Þróun á getu þeirra til að standa undir greiðslubyrði og framfærslu fyrir og eftir aðgerðir




Hlutfall einstæðra foreldra sem er á mörkum þess að ná endum saman í kjölfar aðgerða er líklegt til að vera enn hærra eða meira en þriðjungur sem er áþekkt hlutfall og í ársbyrjun 2008

Hjón án barna: Þróun á getu þeirra til að standa undir greiðslubyrði og framfærslu fyrir og eftir aðgerðir




Mun lægra hlutfall barnlausra hjóna er líklegt til að vera í greiðsluvanda í kjölfar aðgerðanna eða u.þ.b. tvöfalt lægra en hjá hjónum með börn

Heimili með gengistryggð lán: Þróun á getu til að standa undir greiðslubyrði og framfærslu fyrir og eftir aðgerðir




Um 37 þúsund heimili eru með gengistryggð íbúða- og/eða bílalán og hlutfall þeirra sem er líklegt til að glíma við greiðsluvanda í kjölfar aðgerða er mun hærra eða um þriðjungur

Heimili með öll sín lán í krónum: Þróun á getu þeirra til að standa undir greiðslubyrði og framfærslu




Um 65 þúsund heimili eru einungis með lán í krónum. Hlutfall þeirra sem er líklegt til að vera á mörkum þess að ná endum saman er mun lægra en meðal heimila með gengistrygð lán eða 15%

Ungt barnafólk sem tók íbúðalán seint: Þróun á getu þeirra til að standa undir greiðslubyrði og framfærslu




Verulegur hluti ungs barnafólks sem tók íbúðalán eftir 1. janúar 2006 er líklega í greiðsluerfiðleikum og þetta hlutfall hefur haldist hátt þrátt fyrir frystingar en lækkað í kjölfar aðgerða niður fyrir 40%

Staða ólíkra fjölskylduhópa í febrúar 2010 í kjölfar aðgerða



Hlutfall barnafólks sem nær ekki endum saman eða er á mörkum þess að geta staðið undir greiðslubyrði og framfærslu er hærra en meðal barnlausra

Samanburður á stöðu heimila í febrúar 2010 með og án aðgerða



Hlutfall heimila sem nær ekki endum saman eða á innan við 50 þ.kr. afgangi á mánuði er um 22% í kjölfar aðgerða en hefði verið um 27% án þeirra


IV. Eiginfjárstaða í húsnæði

Forsendur er lúta að mati á húsnæðiseign




- Í gagnagrunninum eru upplýsingar um fasteignamat allra fasteigna sem hafa verið lögð fram sem veð vegna íbúðalána
- Fasteignamatið er frá því í desember 2008
- Virði eigna er látið þróast í takt við þróun íbúðaverðs eins og það er mælt með vísitölu íbúðaverðs hjá Fasteignaskrá Íslands

Heimili í neikvæðri eiginfjárstöðu í húsnæði




Hlutfall heimila sem skuldar meira en það á í húsnæði jókst úr 11% í janúar 2008 í 20% um það leyti sem bankahrunið átti sér stað. Það hefur haldið áfram að hækka og er líklega um 39% um þessar mundir. Frystingar og greiðslujöfnun hafa hækkað þetta hlutfall.

Heimili í neikvæðri eiginfjárstöðu í húsnæði fyrir mismunandi gjaldmiðlahópa



Hlutfall heimila sem skuldar meira en það á í húsnæði jókst örst hjá heimilum með gengistryggð íbúðalán þótt meginþorri heimila í neikvæðri eiginfjárstöðu sé með krónulán

Heimili í neikvæðri eiginfjárstöðu meðal ungs barnafólks sem tók íbúðalán eftir 1. janúar 2006



Meginþorri ungs barnafólks sem tók lán á seinni stigum húsnæðisverðsuppsveiflunnar skuldar meira en það á í húsnæði sínu. Hópurinn er fimmtungur allra sem er í neikvæðri eiginfjárstöðu.

V. Samsetning þess hóps
heimila sem þarf á frekari
aðgerðum að halda

Hópur heimila í vanda



- Það er ekki einsýnt hvernig skuli meta hvaða heimili eru í vanda við að standa undir greiðslubrýði lána og framfærslu
- Sé tekið mið af niðurstöðunum hér að framan og þau heimili tekin út sem ná ekki endum saman eða eru á mörkum þess að geta staðið undir greiðslum og framfærslu fæst hópur heimila sem telur tæp 24 þúsund heimili sem er líklegur til að þurfa á frekari aðgerðum að halda
- Hér á eftir er þessum hópi gerð nánari skil eftir fjölskylduformi, búsetu o.fl. þáttum

Upplýsingar um hóp heimila í vanda



Tekjuskipting	Fjöldi heimila í vanda	Heildarfjöldi skuldsettra heimila	Hlutfall heimila í vanda af heildarfjölda heimila í hverjum flokki
0-150 þ.kr.	8.850	11.100	80%
150-250 þ.kr.	7.000	23.250	30%
250-350 þ.kr.	4.200	20.200	21%
350-500 þ.kr.	2.700	19.500	14%
500-650 þ.kr.	850	14.000	6%
yfir 650 þ.kr.	250	14.050	2%
	23.850	102.100	

Um 80% heimila í tekjulægstu hópunum eru í vanda og hlutfall heimila í vanda minnkar ört eftir því sem ráðstöfunartekjur heimila aukast. Tvö af hverjum þremur heimilum í vanda eru með ráðstöfunartekjur undir 250 þ.kr. á mánuði. Rétt er að gæta að því að tekjur námsmanna í lægstu hópunum gætu verið vanmetnar.

Upplýsingar um hóp heimila í vanda



Búseta	Fjöldi heimila í vanda	Heildarfjöldi skuldsettra heimila	Hlutfall heimila í vanda af heildarfjölda heimila í hverjum flokki
Höfuðborgarsvæði - innri hringur*	4.700	23.400	20%
Höfuðborgarsvæði - ytri hringur*	10.000	42.350	24%
Reykjanes	2.100	6.750	31%
Suðurland	2.050	7.200	28%
Austurland	700	3.950	18%
Norðurland	2.450	10.750	23%
Vesturland	1.000	4.700	21%
Vestfirðir	530	2.200	24%
Ótilgreind	320	800	
	23.850	102.100	

Hlutfall heimila í vanda er hæst á Reykjanesi og Suðurlandi auk þess sem það er hærra á ytra svæði höfuðborgarsvæðisins þar sem fjöldi nýbygginga er meiri. Hlutfallið er lægst á Austurlandi.

* Innri hringur höfuðborgarsvæðisins miðast við eftirfarandi póstnúmer: 101-108, 116, 121, 123-125, 127-128, 170, 172. Ytri hringur: 109-113, 129-132, 200-203, 210, 212, 220-222, 225, 270.

Upplýsingar um hóp heimila í vanda



Aldursskipting	Fjöldi heimila í vanda	Heildarfjöldi skuldsettra heimila	Hlutfall heimila í vanda af heildarfjölda heimila í hverjum flokki
18-24 ára	3.350	7.150	47%
24-29 ára	3.150	10.000	32%
30-39 ára	5.450	20.900	26%
40-49 ára	4.750	20.650	23%
50-59 ára	3.650	19.350	19%
60-69 ára	2.050	12.950	16%
70 ára og eldri	1.450	11.100	13%
	23.850	102.100	

Hlutfall heimila í vanda fer minnkandi með aldri og helmingur þeirra er yngri en 40 ára en rétt er að athuga að líklegt er að tekjur séu vanmetnar fyrir námsmenn í yngstu aldurshópunum auk þess sem líklegt er að hluti þeirra sem eru í yngstu hópunum búi enn í heimahúsum.

Upplýsingar um hóp heimila í vanda



Fjölskyldugerð	Fjöldi heimila í vanda	Heildarfjöldi skuldsettra heimila	Hlutfall heimila í vanda af heildarfjölda heimila í hverjum flokki
Einhleypingar	10.500	42.100	25%
Einstæðir foreldrar	2.750	7.900	35%
Hjón án barna	3.750	26.600	14%
Hjón með börn	6.850	25.500	27%
	23.850	102.100	

Einstæðir foreldrar og hjón með börn hafa hæsta hlutfall heimila í vanda þótt einhleypingar séu fjölmennasti hópur heimila í vanda

Gjaldmiðlasamsetning lána	Fjöldi heimila í vanda	Heildarfjöldi skuldsettra heimila	Hlutfall heimila í vanda af heildarfjölda heimila í hverjum flokki
Gengistryggð lán	13.300	37.300	36%
Eingöngu lán í krónum	10.550	64.800	16%
	23.850	102.100	

Um 56% af heimilum í vanda eru með gengistryggð íbúða- eða bílálán

Hversu stór hluti skulda er borinn af heimilum í vanda?



	ma.kr.	ma.kr.	Hlutfall heildarskulda í hverjum flokki borinn af heimilum í vanda
Bílalán	53,7	127,5*	42%
Íbúðalán	405	1510*	27%
Íbúða- og bílalán samtals	458,7	1637,5*	28%

Heimili í vanda eru með mun stærri hluta heildarbílaskulda en stærð hópsins segir til um. Um 23% heimila eru í vanda en þau eru með um 42% af heildarbílaskuldunum. Hlutdeild þeirra í íbúðalánum er 27% eða nokkurn veginn í takt við stærð hópsins. Líðlega 30% af heimilum í vanda eru í neikvæðri eiginfjárstöðu í húsnæði sem gerir þau enn viðkvæmari en ella.

Vísbending er um að skuldsetning heimila í vanda vegna bílakaupa gegni mikilvægu hlutverki í að skapa þann vanda sem þau eiga við að etja. Um 3.800 af þessum heimilum eru með fleiri en eitt bílalán.

* Athugið að þessar heildareftirstöðvar eru miðaðar við að þær frystingar og aðgerðir sem fjallað var um hér að framan hafi átt sér stað og endurspegla stöðuna í lok febrúar að gefnum þeim forsendum.



VI. Lokaorð

Samantekt



- Í þeirri greiningu sem hér hefur verið kynnt hefur kastljósinu verið beint að því að leggja mat á hvernig geta heimila til að standa undir greiðslubrýði lána og framfærslu hefur þróast undanfarin misseri
- Í fyrri skýrslum var hins vegar einungis brugðið upp mynd af stöðu heimila í ársbyrjun 2009
- Ýmsar viðbætur hafa sömuleiðis verið gerðar á greiningunni
- Enn eru þó ýmsir óvissuþættir til staðar sem verður að hafa í huga við túlkun þeirra niðurstaðna sem hér hafa verið kynntar

Samantekt



- Hlutfall heimila sem gat ekki eða var á mörkum þess að geta staðið undir greiðslubyrði lána og framfærslu jókst ört á árinu 2008
- Vísbendingar eru um að þegar í ársbyrjun 2008 hafi hluti heimila verið komin í viðkvæma stöðu í kjölfar mikillar skuldsetningar í uppsveiflunni
- Líklegt er að allt að 28% heimila hefðu glímt við verulega greiðsluferfiðleika strax í kjölfar bankahruns ef ekki hefði komið til frystinga lána
- Þrátt fyrir frystingar var tæplega fjórðungur heimila á mörkum þess að ná endum saman um miðbik síðasta árs

Samantekt



- Skoðuð voru áhrif greiðslujöfnunar íbúðalána og höfuðstólslækkunar bílalána á getu heimila til að standa undir greiðslubyrði lána og framfærslu
- Vísbendingar eru um að þær aðgerðir lækki hlutfall heimila sem er á mörkum þess að geta staðið undir greiðslubyrði og framfærslu um 4-5 prósentur
- Líklegt er að um 23% skuldsettra heimila eða tæp 24 þúsund heimili glími enn við greiðsluerfiðleika þrátt fyrir áhrif þeirra aðgerða sem hér voru skoðaðar

Samantekt



- Heimili með gengistryggð íbúða- eða bílalán urðu fyrir mesta áfallinu og glíma við mestu erfiðleikana í kjölfar hrunsins
 - Vísbendingar eru um að u.þ.b. þriðjungur þeirra séu enn á mörkum þess að ná endum saman
- Barnafólk er líklegra til að vera á mörkum þess að ná endum saman en barnlaus heimili
 - Vísbendingar eru um að um þriðjungur einstæðra foreldra og 27% hjóna með börn geti átt í greiðsluvanda
- Heimili sem tóku lán til íbúðakaupa seint í uppsveiflunni eru sömuleiðis líklegri til að vera í vanda
 - Vísbendingar eru um að tæplega 40% ungs barnafólks í þeim hópi séu enn á mörkum þess að ná endum saman

Samantekt



- Vísbendingar eru um að hlutfall heimila í vanda sé hæst í tekjulægstu hópunum og að meginþorri þeirra sem eru í vanda séu með ráðstöfunartekjur undir 250 þ.kr. á mánuði
- Hlutfall heimila í vanda virðist einnig vera hæst þar sem ný hverfi litu dagsins ljós í uppsveiflu síðustu ára
- Hlutfall heimila í vanda virðist fara lækkandi með aldri lántakenda
- Heimili í vanda eru með um 42% heildarbilaskulda en 27% íbúðalána og líklegt er að skuldsetning þessa hóps vegna bílakaupa gegni mikilvægu hlutverki í að skapa þann vanda sem þau eiga við að etja

Samantekt



- Ofangreindar niðurstöður bregða upp skýrari mynd af því hvernig staða heimila hefur breyst undanfarin misseri en fyrri áfangaskýrslur gátu gert
- Niðurstöður um hlutfall heimila í vanda eru þó í góðu samræmi við þá mynd sem var dregin upp í fyrri skýrslum
- Að lokum er rétt að ítreka að enn eru óvissuþættir til staðar um stöðu heimila og hverju þau úrræði sem kynnt hafa verið til sögunnar fá áorkað
- Árangur við áframhaldandi endurskipulagningu skulda heimila og þróun á vinnumarkaði mun ráða miklu um framvinduna næstu misserin